

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

385. fundur

Föstudaginn 19. janúar 2024 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 13:00.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson ((MÖG), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar Bragi Eyjólfsson (EBH), Kristín Thoroddsen (KT) og Alexandra Briem (AB). Lovísa Jónsdóttir boðaði forföll
Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Grindavík
2. Útboð á akstri

Tekið fyrir:

1. Grindavík

Í ljósi aðstæðna vegna jarðhræringa á Reykjanesi vill stjórn styðja við bakið á ungmennum frá Grindavík og samþykkti að frítt verði fyrir ungmenni 12 til 17 ára í strætó á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn fól framkvæmdastjóra að útfæra þetta í samráði við forsvarsmenn Grindavíkur.

Magnús Örn Guðmundsson vék af fundi eftir umræður um þennan lið.

2. Útboð á akstri

Fyrir fundinum lá minnisblað frá Advel lögmönnum, dagsett 18. Janúar 2024 þar sem skýrð voru þau atriði sem óljós voru í útboðsgögnum og viðræðuferlinu. Stjórn heimilað framkvæmdastjóra að senda út útboðsgögn til þeirra sem sóttu um í forvali um samkeppnisviðræður.

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Gunnar Valur Gíslason

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson